

ARÐGREIÐSLUSTEFNA



Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða samstæðunnar sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar. Langtímamarkmið stjórnar félagsins er að greiða helming hagnaðar út í arð. Samkvæmt 1. mgr. 101. gr. hlutafélagalaga tekur hluthafafundur ákvörðun um úthlutun arðs eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögur um það og er óheimilt að ákveða á aðalfundi meiri úthlutun arðs en stjórn félagsins leggur til eða samþykkir. Arðgreiðslur skulu skv. 3. mgr. 101. gr. laganna, inntar ef hendi eigi síðar en sex mánuðum frá samþykki úthlutunar. Aðalfund skal skv. gr. 4.10 samþykta félagsins, halda innan átta mánaða frá lokum reikningsárs ár hvert.

Samþykkt af stjórn Brims hf. þann 17. desember 2020.